



VERKSÝN

Reykjalundur, hús A

Ástandslýsing, framkvæmdatillögur og kostnaðaráætlun

Janúar 2024 - 2. útgáfa




Útg. nr. 2

Yfirlitsblað skýrslu

Verkefnisheiti: Reykjalundur, hús A	Verkkaupi: SÍBS Reykjalundur
Fjöldi eignarluta: 1	Byggingarár: 1950
Höfundar skýrslu: Reynir Kristjánsson Birgir Rafn Reynisson	Fulltrúi verkkaupa: Helgi Kristjónsson
Yfirlestur: Helga Hauksdóttir	Dagsetning útgáfu og útgáfunúmer: 5. janúar 2024 – útgáfa 2

Skipting matshluta



Efnisyfirlit

Yfirlitsblað skýrslu	2
Skipting matshluta.....	2
Samantekt.....	3
Um húsið.....	4
Um forsendur og framkvæmd skoðunar.....	4
Ástandslýsing og framkvæmdatillögur, ytra byrði.....	5
Útveggir	5
Tröppur og inngangpallar	5
Handrið við innganga og á svölum.....	5
Gluggar, gler og hurðir	6
Þak, þakkantur, þakrennur og niðurfallsrör	7
Ástandslýsing og framkvæmdatillögur, innra byrði.....	8
Almennt ástand inni	8
Myglumælingar	11
Mælingar á innivist	13
Skolplagnir	17
Áætlaður kostnaður við framkvæmdatillögur.....	18
Lokaorð.....	19

Samantekt

Ytra byrði

- Þak með bárujárnri þarfnast endurnýjunar
- Þök með þakdúk þarf að endurnýja að hluta
- Útveggir í nokkuð góðu lagi, þarf að lagfæra loftun
- Gluggar í allskonar ástandi, sumir endurnýjaðir, aðrir eru ónýtir og allt þar á milli

Innri hluti

- Ástand nokkuð gott fyrir utan kjallara og baðherbergi á visstherbergjum
- Skolplagnir ónýtar undir botnplötu
- Innviðir kjallara þurfa heildarendurnýjun
- Loftræsting ónóg á nokkrum stöðum
- Bilaðir fallstammar á tveimur stöðum
- Endurgera þarf baðherbergi á visttherbergjum
- Endurmála
- Endurnýja hluta gólfefna

Um húsið

Samkvæmt mannvirkjaskrá HMS var A hluti mannvirkja að Reykjalundi byggður 1950. Byggt var við húsið 1971. Húsið er þriggja hæða steinsteypt hús auk kjallara og manngengs þakrýmis. Útveggir þess eru steinsteyptir, klæddir með plötuklæðningu, líklegast Sten-x eða sambærilegu. Upphaflega eru útveggir einangraðir að innan, en bætt hefur verið við einangrun að utan þegar útveggir voru klæddir. Gluggar og hurðir eru hefðbundnir timburgluggar/hurðir eða ál-trégluggar. Á þaki hússins er málað bárujárn. Þakrennur og niðurfallsrör eru úr lituðu áli. Handrið við aðalinngang er úr máluðu járn.

Um forsendur og framkvæmd skoðunar

Ytra byrði hússins var skoðað í ágúst 2023 og ástand þess metið. Skoðunina framkvæmdu Birgir Rafn Reynisson, byggingafræðingur og Reynir Kristjánsson, byggingafræðingur. Notaður var körfubíll við skoðunina. Helstu atriði til skoðunar voru útveggir, svalir, gluggar, gler og hurðir, þak, þakrennur, niðurfallsrör og aðrir hlutar ytra byrðis. Innri hluti hússins var skoðaður í september og október. Þá var m.a. leitað að raka í útveggjum, tekin sýni til rannsókna vegna mögulegrar myglu og eins voru framkvæmdar loftgæðamælingar í völdum rýmum. Nokkur myglusýni voru tekin eftir að ábendingar höfðu borist frá starfsfólki og íbúum.

Ástandslýsing og framkvæmdatillögur, ytra byrði

Útveggir

Útveggir hússins eru steinsteyptir, ýmist klæddir með plötuklæðningu eða kornaðir með marmarasalla. Þeir veggir sem eru klæddir með plötuklæðningu eru líklegast klæddir með Sten-x eða sambærilegu klæðningarefni á tvöfalda timburgrind. Einangrað hefur verið í innri grindina með 50 mm steinull, en ytri grindin myndar loftrúm til loftræstingar á klæðningunni. Aðrir veggir hafa, eins og áður sagði verið kornaðir með marmarasalla.

Ástand klæðningar á útveggjum er almennt metið ágætt. Þó þarf að yfirfara klæðninguna með tilliti til loftunar, en við skoðun kom í ljós að loftræstingu klæðningar er á nokkrum stöðum ábótavant. Þessi galli lýsir sér í því að mosavöxtur verður á plötusamskeytum þar sem rakastig verður alltof hátt undir klæðningarplötunum. Sást þessi mosavöxtur á nokkrum stöðum. Til að staðreyna málið var klæðning tekin af og skoðað undir hana og kom þá hið sanna í ljós. Mjög mikilvægt er að tryggja öndun undir útveggjaklæðningu, sértaklega á klæðningu sem er fest á timburgrind. Timburgrind getur hæglega fúnað undir klæðningunni og þar með eru dagar klæðningarinnar taldir.

Ástand steinsteyptra veggja með marmarasalla var almennt gott.

Helstu frávík sem komu upp í tengslum við skoðun útveggja eru:

- Klæðning útveggja er illa loftræst

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að loftræsting klæðningar verði tryggð
- Lagt er til að útveggir með marmarasalla verði þvegnir og sílanbaðaðir

Tröppur og inngangspallar

Tröppur og inngangspallar hússins eru steinsteyptar með mismunandi yfirborðsfrágangi. Á palli vesturhliðar er einhver skritinn yfirborðsfrágangur á meðan aðrar tröppur hafa verið múraðar. Búið er að koma fyrir snjóbræðslu í tröppu og hluta inngangspalls við vesturhlið sem skýrir að hluta ástand og útlit. Á austurhlið hafa tröppur verið filtaðar. Helstu frávík sem komu upp í tengslum við skoðun trappa og anddyrispalla eru:

- Anddyrispallur í vestur er orðinn mjög illa farinn

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að yfirborðsfrágangur á anddyrispalli og tröppum í vestur verði endurnýjaður. Samhliða verði sett snjóbræðsla í allan anddyrispallinn

Handrið við innganga og á svölum

Handrið við vesturinnangang hússins og á svölum yfir Helgafelli eru í mjög slæmu ástandi og ertu metin ónýtt. Er lagt til að þau verði endurnýjuð. Helstu frávík sem komu upp í tengslum við skoðun handriða eru:

- Járngrind er illa ryðguð, t.d. við steinsteypu
- Plötuklæðning á handriði illa farin
- Festingar ryðgaðar

- Gler á svölum brotið
- Handrið almennt úr sér gengin

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að handrið verði endurnýjuð að fullu

Gluggar, gler og hurðir

Gluggar eru ýmist hefðbundnir upphaflegir trégluggar málaðir með þekjandi viðarvörn, hefðbundnir endurnýjaðir trégluggar málaðir með þekjandi viðarvörn, ál-trégluggar, hreinir álgluggar, heimamixaðir trégluggar og gluggar hlaðnir úr glerkubbum. Ekki má gleyma gluggum í þaki á matsal. Verður fjallað sérstaklega um hverja tegund fyrir sig.

Hefðbundnir upphaflegir trégluggar eru fyrst og fremst í holi á vesturhlið A-álmu. Helstu frávík sem komu upp í tengslum við skoðun hefðbundinna upphaflegra tréglugga eru:

- Fúi í hliðarstykki
- Fúi í botnstykkjum
- Búið að sponsa í botnstykki sem bendir til lélegs ástands þeirra almennt
- Málning flögnuð

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að allir upphaflegir trégluggar verði endurnýjaðir

Hefðbundnir endurnýjaðir trégluggar eru fyrst og fremst í vesturhlið A-álmu. Helstu frávík sem komu upp í tengslum við skoðun endurnýjaðra tréglugga eru:

- Flögnun í málningu, sérstaklega botnlistum

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að gluggar verði endurmálaðir

Ál-trégluggar eru aðallega á suðurhlið A-byggingar. Engin sérstök frávík komu fram við skoðun þeirra.

Ál gluggar eru í matsal á suðurhlið A-byggingar. Engin sérstök frávík komu fram við skoðun þeirra.

Mixaðir trégluggar eru t.d. á vesturhlið í A-byggingu (Helgafell). Gluggarnir eru mixaðir þannig að sett hefur verið tvöfalt gler í fölsin og svo hefur verið settur listi framan á pósti sem nær yfir báðar rúður beggja vegna við póstin. Sömu aðferð hefur verið beitt á topp- og bornlista. Þeir eru festir framan á botn- og toppstykki og því er næstum ómögulegt að finna fúa í gluggunum þar sem þeir hafa verið klæddir af með þessum „glerjunarlistum“. Þessi aðferð er vel þekkt þegar lengja á líftíma glugga, en líftími svona viðgerða er takmarkaður af ástæðum sem ekki verða raktar hér. Helstu frávík sem komu upp í tengslum við skoðun mixaðra tréglugga eru:

- Fúi í gluggum
- Flögnun í málningu, sérstaklega botnlistum

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að allir „mixaðir“ gluggar verði endurnýjaðir

Gluggar hlaðnir úr glerkubbum eru á vesturhlið í A-byggingu. Gluggarnir eru aðeins að hluta sýnilegir þar sem þeir eru í ljósgryfju fyrir kjallara. Líklegast eru gluggarnir upphaflegir og því komnir til ára sinna. Mjög erfitt er að gera við þessa tegund glugga og því er lagt til að þeir verði endurnýjaðir með hefðbundnum ál-trégluggum. Helstu frávík sem komu upp í tengslum við skoðun glugga úr glerkubbum eru:

- Almennt ástand mjög lélegt
- Glerkubbar brotnir
- Sprungur í fúgum

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að gluggar úr glerkubbum verði endurnýjaðir

Gluggar í þaki yfir matsal eru upprunalegir. Þrálátir lekar hafa verið frá gluggunum sem ekki hefur tekist að uppræta. Taka þarf ákvörðun um hvort haldið verði í gluggana eða hvort þeir verði aflagðir. Helstu frávík sem komu upp í tengslum við skoðun þakglugga eru:

- Almennt ástand lélegt, gluggar metnir ónýtir
- Lekar með gluggum
- Mögulegir lekar milli glugga og steins

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að gluggar verði endurnýjaðir
- Lagt er til að hellur á þaki verði teknar upp, þakdúkur endurnýjaður og þéttingar við glugga endurgerðar

Þak, þakkantur, þakrennur og niðurfallsrör

Þök A-byggingar eru af nokkrum gerðum:

- Bárújárn
- PVC dúkur, óvarinn
- Bræddur þakpappi undir hellum yfir matsal

Þar sem um bárújárn er að ræða er þak hússins tvíhalla. Er þakjárnið komið til ára sinna og áætlað að það þarfnist endurnýjunar á næstu 10 árum. Þó er rétt að ná eins miklu út úr bárújárninu og mögulegt er og því nauðsynlegt að fylgjast með ástandi þess t.d. á 3-5 ára fresti. Á þakinu eru líka nokkrar loftræstitúður og einn þakgluggi. Helstu frávík sem komu upp í tengslum við skoðun bárújárns á þaki eru:

- Bárújárn er farið að láta á sjá og þarfnast endurnýjunar, að því er áætlað er, innan 10 ára
- Rennubönd eru farin að ryðga

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að fylgst verði með ástandi þakkjárns á 3-5 ára fresti og það endurnýjað þegar nauðsyn krefur ásamt fylgihlutum sem eru t.d. kjöljárn, túður, rennubönd o.s.frv. .

Þar sem PVC dúkur er vatnsvörn eru þök flöt. Er hér átt við þak yfir hluta matsalar og yfir Helgafelli. Helstu frávik sem komu upp í tengslum við skoðun á þakdúk eru:

- PVC dúkur hefur verið endurnýjaður yfir hluta matsalar
- Ekki voru sjáanleg nein frávik á dúk yfir Helgafelli

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að PVC dúkur fái reglulegt viðhald, t.d. á 3ja ára fresti

Þakrennur og niðurföll hafa verið endurnýjuð fyrir einhverjum árum síðan. Eru þakrennur og niðurföll úr lituðu stáli af tegundinni Siba eða Lindab. Engin sérstök frávik komu fram við skoðun þeirra.

Þakkantur – enginn eiginlegur þakkantur er á byggingunni. Í stað þess eru sperruendar sýnilegir og sama á við um neðri hluta borðaklæðningar. Hún er sýnileg. Eitt vindskeiðarborð er á hvorum gaffli. Allt tréverk er svo málað með þekjandi viðarvörn. Helstu frávik sem komu upp í tengslum við þakkant eru:

- Fúi er í vindskeiðum á gaffli
- Fúi er farinn að koma í enda borðaklæðningar
- Allar festingar úr járn, naglar skrúfum o.s.frv. eru farnar að ryðga

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að vindskeiðar á gaffli verði endurnýjaðar
- Lagt er til að festingar úr járn eins og naglar, skrúfur o.s.frv verði fjarlægð
- Þar sem járnendar standa út úr timbri verði ryðvarið með ryðvarnarmálningu
- Allt tréverk málað með þekjandi viðarvörn

Ástandslýsing og framkvæmdatillögur, innra byrði

Almennt ástand inni

Hér á eftir verður fjalla um almennt ástand inni með þeirri undantekningu að sérstaklega verður fjallað um kjallarann.

Innra byrði útveggja Ástand innra byrðis útveggja er almennt gott í matshluta A. Útveggir eru múraðir á plasteinangrun sem er sú aðferð sem notuð var þegar húsið var byggt. Engin ummerki sáust um leka frá gluggum, en á nokkrum stöðum voru merki um kuldabré, en ekki er talin átæða til að hafa áhyggjur af því þar sem húsið er klætt og einangrað að utan. Helstu frávik sem komu fram við skoðun á innra byrði útveggja eru:

- Hefðbundnar sprungur í útveggjum út frá gluggum
- Önnur minni háttar frávik

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að sprungur og önnur sýnileg frávik í útveggjum verði lagfærð við reglubundið viðhald

- Lagt er til að útveggir verði málaðir eftir því sem ástæður gefa tilefni til

Innveggir eru af nokkrum gerðum. Hefðbundnir steinsteyptir innveggir, hlaðnir innveggir og svo nýrri veggir sem eru úr léttu byggingarefni eins og spónaplötum eða gífsi. Almenn ástand innveggja er gott með nokkrum frávikum. Helstu frávik sem komu fram við skoðun á innra byrði útveggja eru:

- Minni háttar sprungur í innveggjum
- Leki frá skolplögn í lyfjabúri. Við myndatöku kom í ljós að enda á röri hefur ekki verið lokað tryggilega
- Leki frá skolplögn við herbergi 313-314. Við myndatöku sáust mögulegar skemmdir á lögninni

Framkvæmdatillögur

- Lagfæra sprungur samhliða almennri málningavinnu
- Lagt er til að þegar verði brotið inn á skolplögn í lyfjabúri og enda hennar lokað á tryggilegan hátt
- Lagt er til að brotið verði inn á lögn sem kemur frá herbergjum 313-314 og fer niður að herbergjum á næstu hæð. Lagnir verði endurnýjaðar eftir þörfum. Að viðgerð lokinni verði múrað og málað yfir
- Lagt er til að innveggir verði málaðir eftir því sem ástæður gefa tilefni til

Baðherbergi - Hverju baðherbergi er deilt með tveimur herbergjum vistmanna. Er þau komin til ára sinna og þarfnast heildarendurnýjunar. Mikil hætta er á lekum og ljóst að lagnir eru orðnar lélegar. Þá er frágangur undir svo gömlum flísum ekki ásættanlegur þar sem ekki voru notuð þéttiefni til lekavarna í þá daga eins og tíðkast í dag. Helstu frávik sem komu fram við skoðun á baðherbergjum eru:

- Flísar lausar á nokkrum stöðum
- Sprungur í flísum
- Sturtur hafa verið aflagðar
- Flögnun í málningu/fínþússningarlagi
- Ástand almennt dapurt

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að baðherbergi verði endurnýjuð að fullu
- Skoða þarf hvort rétt sé að breyta hönnun þannig að baðherbergi verði fyrir hvert herbergi

Kjallari – Í kjallara er aðstaða fyrir ýmsa starfsemi, t.d. aðstaða húsumsjónar, starfsmannaaðstaða fyrir ræstingu, þvottaaðstaða og línherbergi. Þá er í kjallara aflögð sundlaug. Allir innviðir eru úr sér gengnir og þurfa heildarendurnýjun. Þá mun verða mikið rask í kjallaranum þegar farið verður í endurnýjun lagna undir botnplötu. Helstu frávik sem komu fram við skoðun í kjallara eru:

- Lagnir undir botnplötu ónýtar
- Mikið af aflögðum lögnum í loftum
- Aðstaða starfsmanna léleg

- Leki inn í kjallara í gegnum kjallaraveggi
- Ástand almennt dapurt

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að allar lagnir undir botnplötu verði endurnýjaðar
- Lagt er til að öll aðstaða starfsmanna verði endurnýjuð
- Lagt er til að ónotaðar lagnir verði fjarlægðar, hvort sem um er að ræða raf- eða pípulagnir
- Lagt er til að allir lekar verði lagfærðir þar sem grafa þarf frá útveggjum
- Lagt er til að aðstaða sem áður hýsti sundlaug verði endurnýjuð og nýting skilgreind


Myglumælingar

Samhliða skoðun á byggingunni voru tekin ryksýni (DNA sýni og snertisýni) til rannsókna til að skoða mögulega útbreiðslu myglu. Voru sýnin tekin á völdum stöðum, ekki síst þar sem starfsmenn höfðu kvartað undan óútskýrðri vanlíðan. Sýnin voru svo send til greiningar hjá viðurkenndri rannsóknarstofu í Danmörku.

Í byggingu A voru tekin sýni á eftirfarandi stöðum:

Í byggingu A voru tekin sýni á eftirfarandi stöðum:


- Matshluti A, fundarherbergi 3. hæð, DNA sýni nr. 104791. Sýnir minni háttar frávik



- Matshluti A, fundarherbergi 1. hæð, DNA sýni nr. 104798. Sýnir óveruleg frávik.




- Matshluti A, á gangi 2. hæðar, DNA sýni nr. 104347. Sýnir mikil frávik



- Sýni MA-S1. Sýnir mikinn vöxt




- Sýni MA-S-2. Sýnir lítinn vöxt



- Sýni MA-S5. Sýnir mikinn vöxt



- Sýni MA-S4. Sýnir miðlungs vöxt



Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að á þeim stöðum þar sem upptök vandans eru augljós og um minni háttar mál er að ræða verði þegar brugðist við, lekar lagfærðir og sýkt byggingarefni endurnýjað
- Lagt er til að þar sem um stærri endurnýjun er að ræða eins og t.d. þar sem endurnýja þarf glugga, verði þegar ráðist í framkvæmdir. Undirbúningstími framkvæmda er töluverður og því nauðsynlegt að bregðast tímabundið við vandanum með lokunum herbergja, með auknum þrifum og eins með aukinni loftræstingu.

Mælingar á innivist

Eftir að vinna við gerð ástandsskýrslu var hafin varð ljóst að nauðsynlegt var að kanna innivist í byggingunum með tilliti til loftgæða. Var því ákveðið að ráðast í mælingar á innivist. Eftirfarandi var mælt:

CO² (ppm /parts per million) merkt með rauðu

Hitastig °C merkt með bláu


%RH merkt með grænu

Í matshluta A var farið í mælingar á völdum stöðum í byggingunni.


- Herbergi umsjónarmanns í kjallara
- Vaktherbergi 1. hæð
- Vaktherbergi 2. hæð
- Fundarherbergi 3. hæð

Niðurstöður eru þessar:


Í herbergi umsjónarmanns komu engin frávik fram og eru loftgæði mæld í lagi. Efstu mörk PPM fara í 497 sem er vel innan marka sem eru 800 PPM.




Í vaktherbergi á 1. hæð fóru hæstu gildi PPM yfir viðmiðunarmörkum sem eru 800 PPM. Huga þarf að aukinni loftræstingu fyrir vaktherbergið.



Í vaktherbergi á 2. hæð voru hæstu gildi PPM 1370 sem er langt yfir viðmiðunarmörkum sem eru 800 PPM. Ekki er æskilegt að gildi fari svo hátt og því rétt að huga að aukinni loftræstingu fyrir vaktherbergið.



Í fundarherbergi á 3. hæð voru hæstu gildi PPM 2350 sem er langt yfir viðmiðunarmörkum sem eru 800 PPM. Ekki er hægt að verja að gildi fari svo hátt og því rétt að huga nú þegar að aukinni loftræstingu fyrir fundarherbergið. Er lagt til að skoðað verði að koma fyrir stakstæðri loftræstingu, t.d. af Airmaster-gerð, en sú tegund loftræstingar er sérstaklega hönnuð með það fyrir augum að þjóna íverurýmum eins og hér um ræðir.



Skolplagnir

Eitt af verkefnum yfirstandandi ástandsskoðunar var að mynda skolplagnir undir botnplötum allra matshluta. Þegar hús hafa náð þeim aldri sem hér um ræðir er nauðsynlegt að vita ástand þeirra enda flestar lagnir upphaflegar.

Undir matshluta A liggur skolplögn eftir endilangri byggingunni sem svo greinist út til fallstamma í veggjum eða að niðurföllum í gólfum. Ástand skolplagna undir matshlutanum er vægast sagt lélegt. Við ástandsskoðun tókst að mynda stærstan hluta lagnanna og var ástandið þannig að ekki er annað í boði en heildarendurnýjun lagnanna. Frekari lýsingar eru óþarfar, en svo það sé sagt, þá er ástand lagnanna í samræmi við aldur þeirra.

Helstu frávik sem komu upp í tengslum við skoðun skolplagna eru:

- Lagnir mjög slitnar
- Víða göt á lögn undir botnplötu
- Leki í lyfjaherbergi 2. hæðar
- Leki á gangi 2. hæðar

Framkvæmdatillögur

- Lagt er til að allar lagnir verði endurnýjaðar undir botnplötu matshlutans
- Lagt er til að þegar verði ráðist í viðgerðir á lekum lögnum 2. hæðar

Áætlaður kostnaður við framkvæmdatillögur

Neðangreint innifelur kostnað við verklegar framkvæmdir. Áætlanir innifela virðisaukaskatt og eru miðaðar við verðlag í janúar 2024.

Verkliður	Upphæð	
Tré - og blikkverk		milljónir kr.
Steypuviðgerðir og endursteypa		-
Málun		-
Pallar, aðstaða rekstur vinnustaðar ofl.		-
Viðgerðir inni		-
Endurnýjun baðherbergja		-
Heildar endurnýjun í kjallara		-
Skolp undir botnplötu í kjallara		
Loftræsting		-
Endurmálun		-
Endurnýjun gólfefna		-
Aðstaða, varnir, rekstur vinnusvæðis		
Ófyrirséð 12%		
Samtals áætlaður kostnaður	291.63	milljónir kr.

Lokaorð

Eins og áður hefur komið fram er tilgangur skýrslunnar að gera eigendum húsnæðisins grein fyrir ástandi hússins og koma með tillögur um framkvæmdir og endurbætur á eigninni.

Áðurnefndar tölur eru reynslutölur úr sambærilegum verkum og innihalda allt sem þarf til að ljúka verkinu þ.m.t. efni, vinnu og virðisaukaskatt. Rétt er þó að ítreka að hér er um áætlun að ræða og endanleg einingarverð verkliða liggja ekki fyrir fyrr en að undangengnu útboði. Þá er einnig rétt að minna á að hér er um viðhalds- og viðgerðaverkefni að ræða og því vel mögulegt að umfang verksins geti aukist eða minnkað á verk tíma. Einingaverð og kostnaðaráætlun miðast við verðlag í desember 2023.

Lagt er til að framkvæmdir verði boðnar út í lokuðum útboðum þar sem völdum verktökum, sem reynslu og þekkingu hafa á verkefnum sem þessum, verði gefinn kostur á að taka þátt í útboðunum.

F.h. Verksýnar ehf.



Birgir Rafn Reynisson
byggingafræðingur bfí
múrarameistari



f.h. Verksýn ehf.
Kv. 53/0106-1300

Reynir Kristjánsson
Byggingafræðingur bfí
múrarameistari

Fylgiskjöl:

Rannsóknarskýrslur frá OBH, fylgiskjal 1